

Heppilegur gróður á lóðum

Fjölbreytilegur gróður í görðum okkar og nánasta umhverfi er í senn bæði mikilvægur fyrir lífríkið og setur svip sinn á bæinn.

Þegar kemur að vali á garðagróðri er úr fjölda tegunda að velja. Hver tegund hefur ákveðna kosti og oft líka einhverja galla. Trén verða ávallt hæstu og fyrirferðarmestu plönturnar í görðunum og þau eru líklegust til að hafa áhrif á birtu og skjól í viðkomandi garði og nærliggjandi görðum. Þess vegna þarf sérstaklega að vanda til vals á þeim og ekki síður að velja þeim heppilegan stað í görðunum þannig að af þeim hljótist ekki vandamál. Ef vel tekst til þarf yfirleitt ekki mikið að grípa inni nema með venjubundinni umhirðu.



Stór reynir sem setur mikinn svip á umhverfið en er of nálægt lóðarmörkum miðað við reglur í dag.



Dæmi um furu sem hentar alls ekki við lóðarmörk

Mismunandi er hvernig aðstæður eru á hverri lóð fyrir sig. Á sumum eru aðliggjandi lóðir á þrjá eða fleiri vegu og sumar lóðir liggja síðan að opnum svæðum eða göngustígum. Allar lóðir eiga svo sameiginlegt að standa við götur. Fjölbreytilegar aðstæður gefa kost á mismunandi gróðurvali eftir gerð lóðar og stærð en einnig eftir hæðarsetningu og staðsetningu í landi, hæð og gerð nærliggjandi húsa og veðurfarslegum þáttum og jarðvegsgerð.

Tré eru í eðli sínu hávaxnar plöntur með leiðandi stofn. Hæstu tré veraldar eru um og yfir 100 metrar og hæsta tré á Íslandi er sitkagreni og er komið yfir 25 metra og enn ungt að árum. Mögulegur líftími tegundarinnar í heimkynnum sínum er nefnilega 700 ár og hún getur náð 50-70 metra hæð.

Við höfum auðvitað kynnst því víða að tré eru orðin mjög stór og henta ekki í venjulega garða. Hvað telst t.d. hávaxin trjátegunð eins og segir í Byggingarreglugerð? Er tré sem nær yfir húspak og teygir sig jafnvel upp á aðra eða þriðju hæð húss hávaxið? Já það mætti telja að svo væri, sérstaklega ef litið er til viðfangsefnisins sem eru garðarnir í bænum.


Í Byggingarreglugerð segir:

„Ekki má planta hávöxnum trjátegunum nær lóðarmörkum aðliggjandi lóða en 4,0 m. Við staðsetningu trjáa á lóð sem ætlað er að vaxi frjálts skal taka tillit til skuggavarps á viðkomandi lóð og nágrannalóðum“. (112/2012) 7.2.2. gr.

Því er mikilvægt að leita sér upplýsinga um áætlaða hæð trjátegundar, áður en valinn er staður í garðinum. Félag garðplöntuframleiðanda heldur úti vefsíðunni (www.gardplontur.is) og er þar m.a. hægt að sjá áætlaða hæð hvernar tegundar sem fjallað er um. Garðplöntuframleiðendur hafa síðari ár lagt áherslu á að bjóða úrval trjátegunna sem henta vel í garðanna okkar.


Það getur líka verið mjög gagnlegt að skoða garðagróður í hverfinu eða eldri hverfum og jafnvel spyrja garðeigendur hverju þeir mæli með.

Staðsetning trjáa við gróðursetningu er mjög mikilvæg. Taka verður tillit til skuggavarps á viðkomandi lóð og nágrannalóðum.



Dæmi um lengd skugga sem fellur af 5 metra háu tré að morgni 20 júní

Reikna má með skuggasvæði sem nemur að minnsta kosti hæð trésins (mismunandi eftir árstíma og tíma dags). Því er mikilvægt að leita upplýsinga um áætlaða hæð trjátegunda og staðsetja tré þannig að skuggi komi ekki til með að falla á nágrennalóðir. Sérstaklega þarf að taka tillit til dvalarsvæða í þessu samhengi og varast að láta skugga falla þar á. Það er vel mögulegt ef skipulagt er með tilliti til stærðar lóðar.



Dæmi: Skuggi af 5 metra háu tré sem staðsett er 4 metra frá lóðarmörkum.

Algennt er að planta sé of nærri lóðarmörkum við götu og því reynist erfitt að halda þeim gróðri innan marka. Þegar plantað er í limgerði er æskilegt að halda miðlínu plantna a.m.k. 50 cm innan við lóðarmörk.

Meginreglan er að hæð gróðurs við öll lóðarmörk fari ekki yfir 1,8 metra, annars þurfi að afla heimildar. Þótt leyfilegt sé að láta gróður vaxa svo hátt er ástæða til að huga að þáttum eins og umferð gangandi og akandi til eða frá húsi og eins á gangstéttum sem yfirleitt þvera innkeyrslur. Æskilegt er að halda gróðri lægri við þessar aðstæður til að



Heppilegt er að hafa lægri gróður við innkeyrslur

auka öryggi. Mjög þéttklippt limgerði hentar því ekki allstaðar vel þótt þrýði sé af. Það má benda á að sé limgerði ekki látið ná alla leið að innkeyrslu heldur að annar lægri gróður látinn taka við í endann, eykst útsýni og öryggi væntanlega í leiðinni.

Fjölmargar tegundir trjáa og runna eru á boðstólum í dag. Margar þeirra þola klippingar vel og því er hægt að móta í limgerði eða á annan hátt, allt eftir smekk hvers og eins. Slík mótun eða stífin krefst



þess að klippt sé reglulega frá upphafi. Klippt er framan af greinum og árssprotum reglulega en við það greina þeir sig og tréð þéttist. Ekki er klippt eða sagað í stofn eins og þegar kollun er framkvæmd. Klippingunni er fylgt eftir árlega eða oft og í hvert skipti er klippt á sama stað. Þetta veldur því að tréð myndar mikið af hliðargreinum og verður mjög þétt. Aðferðin hentar alls ekki öllum trjátegundum en hefur virkað vel á ýmsar grenitegundir sem og lerki og ösp en kallar á mikið og nákvæmt viðhald til framtíðar. Tré sem eru stífð eða almennt mikið klippt verða yfirleitt ekki eins langlíf og önnur tré sem fá að vaxa frálst. Sjúkdómar og skordýr herja einnig oft á þau kröftuglega.

Klippa þarf reglulega frá upphafi til þess að fá vænlega niðurstöðu.

Hér hefur mikið verið rætt um hæð og ummál gróðurs og sérstaklega trjágróðurs enda eru flest vandamál sem upp koma tengd því. Garðeigendur margir hverjir eru duglegir að blanda saman fjölærum plöntum, trjám og runnum þegar kemur að skipulagi garðsins. Stórvöxnu trén eiga yfirleitt ekki erindi inn á lóðir nema e.t.v. þær allra stærstu. Beint er til garðeigenda að afla sér upplýsinga og



velja garðtré sem henta betur. Garðabær stendur fyrir vitundarvakningu varðandi trjágróður í Garðabæ og hefur sett sér markmið um trjágróður á lóðum íbúa, fyrirtækja, stofnana og opinna svæða.